



Umsögn FÍS fyrir samráðsgátt vegna frumvarps um Þjóðaróperu

Til Allsherjar- og menntamálanefndar

Umsagnaraðili: Félag íslenskra söngkennara, FÍS

Dagsetning: 27. maí 2024

Þingmál: 937. mál, frumvarp til laga um listamannalaun (nýir sjóðir og fjölgun úthlutunarmánuða)

Stjórn Félags íslenskra söngkennara lýsir eindregnum stuðningi við frumvarp til laga um listamannalaun sem nú liggur fyrir Alþingi.

Félagið fagnar aukningu á fjölda mánaðarlauna, enda er sú aukning orðin löngu tímabær með tilliti til fjölgunar íbúa á Íslandi.

Listamannalaun eru gríðarlega mikilvæg fyrir blómstrandi listalíf á Íslandi. Þar sem söngvarar geta ekki gengið að neinum föstum störfum liggja tækifæri þeirra til að koma fram í mörgum tilfellum í verkefnum sem þeir framleiða sjálfir og þar eru listamannalaun oft lykilforsenda þess að verkefni nái flugi og að söngvarar fái þannig tækifæri til að þroska sig í list sinni.

Þeir listamenn sem hljóta 6, 9 eða 12 mánaða úthlutun mega ekki stunda aðra atvinnu nema sem nemur 33% sem leiðir til allt of lágra tekna á meðan starfslaunatímabilinu stendur og getur því leitt listamennina í ákveðna fátækragildru. Í því samhengi viljum við benda á að umfang og fjölbreytileiki verkefna eru margbreytileg og því væri hagstætt að geta valið að fá t.d. hálf listamannalaun í 12 mánuði í stað fullra listamannalauna í 6 mánuði. Einnig væri kostur að þurfa ekki að taka starfslaunin samhangandi heldur að möguleiki væri á að geta skipt mánuðunum niður eftir þörfum hvers verkefnis.

Virðingarfyllst,

Stjórn Félags íslenskra söngkennara.